

Alþingi
Erindi nr. P 136/579
komudagur 16.12.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis
Frá SFF
Efni: Brt. á tekjuskattslögum (þagnarskylda) 228. mál
Dags. 16. desember 2008

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 92. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti af innlánsreikningum sem einstaklingar sem skattskyldir eru hér á landi skv. 1. og 3. gr. hafa fengið á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu af þeim.

8. gr.

Ákvæði 1., 2., 3. og 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði 5. og 6. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2009 vegna tekna ársins 2008 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2010 vegna tekna ársins 2009 og innstæðna í lok þess árs.

Ákvæði 9. gr. öðlast þegar gildi.

Skýringar:

Breytingartillagan gengur út á að veittar séu upplýsingar um vexti af innlánsreikningum einstaklinga sem skattskyldir eru á Íslandi. Ákvæðið nær því ekki til lögaðila né erlendra aðila sem ekki eru skattskyldir hér á landi af vaxtatekjum sem þeir kunna að hafa. Með þessu er leitast við að tryggja að sjálfvirk upplýsingagjöf fari ekki út fyrir þá hagsmuni sem skattyfirvöld hafa af því að fá afhentar fjárhagsupplýsingar viðskiptavina fjármálafyrirtækja.

Að mati SFF er óþarfi að senda sjálfvirkt ár hvert til skattyfirvalda upplýsingar um innstæður viðskiptavina. Árleg afhending upplýsinga um þetta efni veldur hættu á að upplýsingar misfarist og komist í hendur óviðkomandi aðila. Slík óvissa veldur óróa meðal viðskiptavina fjármálafyrirtækja og dregur úr trausti viðskiptavina gagnvart sínum banka. SFF hafa skilning á þörf skattyfirvalda til að meta hvort fjármálafyrirtæki dragi rétta staðgreiðslu af vaxtatekjum og telja eðlilegt að skattyfirvöld gangi úr skugga um það með stikkprufum í hverju fjármálafyrirtæki fyrir sig.

Þá er lagt til að upplýsingaskylda samkvæmt 7. gr. frumvarpsins komi til framkvæmda við álagningu árið 2010 vegna tekna ársins 2009 og innstæðna í lok þess árs. Ljóst er að þessi breyting krefst góðs undirbúning og breytinga á upplýsingakerfum banka og sparisjóða. Nú þegar eru fjármálafyrirtækin þungt hlaðin slíkum verkefnum, m.a. gagnvart skattyfirvöldum. Þar er vísað til kröfu skattyfirvalda um að skila staðgreiðslu og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tvennu lagi vegna ársins 2008, þ.e. bæði fyrir gömlu og nýju bankana.